

Nd.

107. Þingsályktunartillaga

um strandferðir.

Flutningsmaður: Skúli Thoroddsen, þm N.-Ísf.

Neðri deild alþingis ályktar, að skora á landsstjórnina, að hlutast til um:

1. Að strandbáturinn komi við í Bolungarvíkur-verzlunarstað í Norður-Ísafjarðarsýslu í hverri ferð sinni fram og aftur.
2. Að strandbáturinn verði látinn koma við á Arngerðareyri í Norður-Ísafjarðarsýslu í fyrstu ferð á árinu, er hann kemur að sunnan, og í síðustu ferð að haustinu, þegar hann kemur að norðan.
3. Að strandferðaskipin verði látin koma við í Bolungarvíkur-verzlunarstað í suðurleið í sept.- og marz-mánuðum ár hvert, áður en þau koma til Ísafjarðar-kaupstaðar.